




Jafnasel 6 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Benice ehf., dags. 10. september 2025, um breytingu á hverfisskipulagi Breiðholts, hluta 6.2. Seljahverfis, vegna lóðarinnar nr. 6 við Jafnasel, sem felst í að heimilt verði að starfrækja spilakassa á lóð.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hverfisskipulag



Jafnasel 6

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á við Jafnasel 6 borgarhluta 6 Breiðholti og er á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði (VP17).

Hverfisskipulag: Í gildi er hverfisskipulag fyrir Seljahverfi sem tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 4. maí 2022, með síðari breytingum. Jafnasel 6 er innan skilmálaeiningar 6.2.12 VP í hverfisskipulagi.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til reksturs spilakassa á vínveitingastaðnum Moe's Bar við Jafnasel 6. Í fyrirspurn kemur fram að áður hafi verið á staðnum spilakassar frá Íslandsspilum og HHÍ sem fjarlægðir voru fyrir 2-3 árum. Ekki kemur fram hversu marga spilakassa er fyrirhugað að reka á staðnum.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 eru skýr ákvæði um rekstur spilasala. Spilasalur er skilgreindur sem rými þar sem reknir eru fleiri en 4 spilakassar og rekstur spilakassa er aðal starfsemin sem þar fer fram. Rekstur slíkra spilasala er samkvæmt töflu 19.1 í aðalskipulaginu eingöngu heimilaður á tilteknum svæðum sem hafa landnotkunarheimildina M (miðsvæði) og AT (athafnasvæði). Á svæðum með annarri landnotkunarheimild er starfsemi spilasala óheimil.

Jafnasel 6 stendur á skilgreindu verslunar- og þjónustusvæði (VP) samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Rekstur spilasals, þ.e. fleiri en fjögurra spilakassa, er því ekki heimilaður. Engar reglur eða kvaðir eru hinsvegar í gildandi aðal- eða hverfisskipulagi um umfangsminni rekstur spilakassa, þ.e. þar sem þeir eru fjórir eða færri saman.



Niðurstaða

- Ekki er heimilt að reka spilasal við Jafnasel 6, þ.e. skilgreint rými með fleiri en fjórum spilakössum.
- Engar reglur eru í gildandi aðal- eða hverfisskipulagi um umfangsminni rekstur spilakassa.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Reykjavík